

Orðanefnd læknafélaganna - 97

Fundur var haldinn mánudaginn 23. janúar 2023 kl. 16:30 að Laugavegi 13, Reykjavík, í húsnæði Stofnunar Árna Magnússonar og var þetta 97. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Runólfur Pálsson boðaði forföll.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 96. fundar (19. desember 2022), sem send hafði verið nefndarmönnum í tölvupósti, var formlega samþykkt.

2. Orðabókarvinnan:

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi orðalistar sem sendir höfðu verið nefndarmönnum í tölvupósti til yfirferðar.

- a) **Metabolizer:** Lokayfirferð á orðalista sem áður hafði komið til umræðu. Nokkrar lagfæringar voru gerðar. JHJ mun ganga frá listanum og fá færslurnar birtar í Íðorðabankanum.
- b) **Vision.** Yfirferð á orðalista með um 30 færslum sem varða sjón. Margvíslegar lagfæringar voru gerðar og löng umræða spannst. JHJ mun ganga frá listanum samkvæmt henni og síðan verður reynt að fá augnlækni til að fara yfir listann með nefndinni og gera sínar tillögur.
- c) **Bacteria.** Sendur hafði verið út stuttur listi með nokkrum grunnheitum baktería. Áður hafi verið rætt um hugsanlega yfirferð á þeim íslensku bakteríuheitum sem skráð eru í Íðorðasafni lækna. Þar að auki hafði komið fyrirspurn um stafsetningu á aðlöguðum, íslenskum heitum baktería. Taka þarf afstöðu til frekari vinnu, en ekki gafst tími til að ljúka umræðu á fundinum og var verkefnið því látið bíða næsta fundar.

Önnur mál:

JHJ kynnti nokkrar fyrirspurnir sem honum höfðu borist á undanförunum vikum. Úrlausn slíkra fyrirspurna getur tekið talsverðan tíma en getur komið Íðorðasafni lækna vel þegar þær verða til þess að nýjar færslur eru teknar inn eða að eldri færslur eru endurskoðaðar og endurbættar. MJ greindi frá því að erfiðleikar hefðu komið fram við orðaleit í Íðorðabankanum og óskaði eftir að málið væri kannað og leitin lagfærð ef hægt væri. ÁÐ og JHJ tóku að sér að skoða málið.

Næsti fundur. Næsti orðanefndarfundur er ráðgerður mánudaginn 20. febrúar 2023. JHJ mun að venju undirbúa fundinn og boða á með dagskrá í tölvupósti.

Fundi var slitið um kl. 17:45. Fundargerð ritaði JHJ.